

***Bindandi álit um tollflokkan**
*Frávísun

Úrskurður nr. 1/2005.

Kærð er tollflokkan tollstjóra á vörum með sætuefninu (xylitol) sem birt var í “Bindandi upplýsingum um tollflokkan vöru”. Kærandi fer fram á leiðréttingu á tollflokkaninni. Tollstjórinn í Reykjavík gerir þá aðalkröfu að kærinni verði vísað frá. Ríkistollanefnd tók undir þá kröfu og vísaði málinu frá þar sem kærufrestur var liðinn.

Tollalög nr. 55/1987 100.gr., 101.gr., 102. gr. og 142. gr.

Með bréfi, dags. 4. janúar 2005, sem barst nefndinni þann 5. s.m. kærir A. niðurstöðu tollstjóra, sem birt var í “Bindandi upplýsingum um tollflokkan vöru” nr. 0400040, útgefnu þann 19. ágúst 2004. Í hinu kærða álitu tollflokkan tollstjóri vörur er m.a. innihalda sætuefnið (xylitol). Kærandi fer fram á leiðréttingu á tollflokkaninni.

Í kröfum kæranda segir að m.a. eftir samtali við sérfræðing telji hann að efnið Xylitol eigi að flokkast sem E-967, eða sem aukaefni í matvælum sem og önnur sætuefni, s.s. Aspartan og Sakkarín skv. 12. gr. í reglugerð um aukaefni í matvælum og ætti því að flokkast í tollflokkan 2106.9051. Kærandi segist gera sér grein fyrir að kærufrestur sé liðinn en veikindi hafi gert það að verkum að kærán fór ekki fyrr af stað. Með kærinni fylgir lesmál frá framleiðanda og sýni af vörunni.

Ríkistollanefnd sendi kærana til umsagnar til tollstjórans í Reykjavík með bréfi, dags. 5. janúar 2005. Tollstjóri óskaði eftir lengri fresti og var hann veittur embættinu. Í svari sem barst nefndinni þann 29. mars 2005 gerir tollstjóri þá aðalkröfu að kærinni verði vísað frá þar sem frestur til að kæra ákvörðun tollstjóra var liðinn þegar kæra barst ríkistollanefnd, sbr. 1. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 eins og henni var breytt með a-lið 16. gr. 1. kafla laga nr. 155/2000. *Til vara gerir tollstjóri þá kröfu, telji ríkistollanefnd ástæðu til að taka efnislega afstöðu í málinu, að ákvörðun tollstjórans í Reykjavík um bindandi upplýsingar um tollflokkan vöru númer 0400040, dags 19. september 2004, verði staðfest.*

Þá kröfu byggir tollstjóri m.a. á rökstuðningi í hinu kærða álitu tollstjóra og gögnum sem hann hefur aflað um vöruna m.a. á heimasíðu framleiðanda.

Í greinargerð tollstjóra segir að ekki sé alveg ljóst hvort eingöngu sé verið að kæra tollflokkan á 100% xylitol, sem kærandi telji að eigi að flokka í tollskránum 2106.9051, eða hvort einnig sé verið að kæra tollflokkan annarra þeirra vara sem ákvörðunin snýr að. Með kærinni er þó ekki bent á neina aðra tollflokkan né neinar aðrar röksemdir þar að lútandi.

Þau sýnishorn sem fylgdu kærinni frá ríkistollanefnd eru:

1. 100% xylitol duft í 450g plastumbúðum.
2. Þrjár bragðtegundir af Spry™ Dental Defense System™ sykurlausu tyggigúmmí. Innihald: Xylitol, gúmkjarni, náttúruleg bragðefni, glýserín, gum arabík, soja lesitín og býflugnavax.
3. Xlear Nasal Wash, nefúði. Innihald: Hreinsað vatn, xylitol, saltlausn og greipaldinsteínakjarni sem rotvarnarefni.

Þau sýnishorn sem embættið hefur undir höndum eru:

1. 100% xylitol duft í 450g plastumbúðum.
2. Ein bragðtegund af Spry™ Dental Defense System™ sykurlausu tyggigúmmí. Innihald: Xylitol, gúmkjarni, náttúruleg bragðefni, glýserín, gum arabík, malik sýra, soja lesitín og býflugnavax.
3. Ein dós Xleardents™ Mints, sykurlausar sælgætistöflur. Innihald: Xylitol, askorbínsýra (sitrónusýra), magnesíum stearat, gum arabík, náttúruleg bragðefni, gljáefni (býflugnavax).
4. Ein dós Xleardent™ Chewing Gum, sykurlaust tyggigúmmí. Innihald: Xylitol, gúmkjarni, náttúruleg bragðefni, soja lesitín, glýserín, gum arabík, býflugnavax.
5. Xlear Nasal Wash, nefúði. Innihald: Hreinsað vatn, xylitol, saltlausn og greipaldinsteínakjarni sem rotvarnarefni.

Tollstjóra tókst ekki að afla upplýsinga á heimasíðu framleiðanda um vöru undir heitinu Xleardents.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að Ísland sé aðili að alþjóðlegum samningi um samræmda vörulýsingar- og vörueitaskrá, samræmd tollskrá. Alþjóðatollastofnunin (World Customs Organization (WCO)) hefur umsjón með samningnum og framkvæmd hans og hefur í því skyni m.a. gefið út skýringarbækur um túlkun hans (Explanatory Notes). Samningurinn um samræmdu tollskrána var undirritaður fyrir Íslands hönd hinn 10. janúar 1985, sbr. auglýsingu nr. 25/1987 í C-deild Stjórnartíðinda. Með lögum nr. 96/1987, um breyting á tollalögum nr. 55/1987, voru tollflokunarreglur samræmdu skrárinnar teknar í notkun hér á landi við tollafgreiðslu á vörum 1. janúar 1988, en tollskráin og túlkunarreglur hennar er birt sem viðauki I við lögina.

Við flokkun vöru í tollskrá ber að fara eftir túlkunarreglum hennar, sem birtar eru fremst í henni, og þá fyrst og fremst þeirri fyrstu sem hljóðar svo: „*Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka og kafla og brjóti það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:*”.

Þegar kemur að flokkun vöru í undirlíði, kemur til kasta 6. túlkunarreglunnar sem hljóðar svo: „*Í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirlíði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirlíðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirlíði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirlíðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.*”

Xylítól er kemískt efni, það er kolvetnissamband, nánar tiltekið pentítól eða pólýhydrískt alkóhól með fimm raðtengdum kolefnisatómum og fimm alkóhólhópum (OH). Efnaformúlan er C₅H₁₂O₅. Xylítól er hægt að vinna úr xylósa (C₅H₁₀O₅) sem er sykra sem finnst í náttúrunni.

Ágreiningur er um tollflokkun annars vegar í vörulið 2106 „*Matvæli, ót.a.*“ og hins vegar í vörulið 2905 „*Raðtengd alkóhól ásamt halógen-, súlfó-, nító- eða nítrósóafleiðum þeirra.*“ Í samræmi við 1. túlkunarreglu tollskrár ber að flokka 100% xylítól í vörulið 2905 eftir orðalagi hans og í tnr. 2905.4900 skv. 6. túlkunarreglunni.

Xlear Nasal Wash er vatnslausn sem inniheldur m.a. Xylítól og salt og er ætlað til að skola nasirnar. Þannig notuð er lausnin sögð hjálpa líkamanum að losa sig við smitandi örverur og einnig að örverur sem komast í snertingu við Xylítól missi eiginleikann til að festa sig við vefina í nefholinu. Tollstjóri telur vöruna rétt flokkaða í tnr. 3307.9009 skv. Almennum túlkunarreglum tollskrár númer 1 og 6 og einnig sbr. athugasemd 3 við 33. kafla tollskrár. Til frekari stuðnings þessari flokkun má benda á athugasemd 1. d. við 30. kafla tollskrár sem tiltekur að framleiðsla í nr. 3303-3307 flokkist ekki í 30. kafla þótt hún hafi eiginleika til lækninga eða varnar gegn sjúkdómum.

Þá telur hann að Spry™ Dental Defense System™ og Xleardent™ Chewing Gum sykurlausn tyggigúmmí og einnig Xleardents™ Mints, sykurlausar sælgætistöflur séu rétt flokkaðar í hinu kærða álitu, á grundvelli 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár, í tnr. 2106.9061 - - *Sælgæti sem hvorki inniheldur sykur né kakaó.* Hvorki sé um að ræða lyf í 30. kafla, sbr. aths. 1. a. við þann kafla, né heldur munnsnyrtivöru í vörulið 3306. Varan sé ætluð til neyslu og er best lýst í vörulið 2106.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn hafa kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Í 1. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum segir: „*Innflytjandi getur skotið úrskurði tollstjóra um endurákvörðun skv. 99. gr., úrskurði tollstjóra skv. 100. gr., þó ekki úrskurði sem kærnanlegur er til ráðherra skv. 102. gr., og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan 60 daga, talið frá póstlagningu úrskurðar eða ákvörðunar.*”

Ljóst er að 60 daga frestur til að kæra niðurstöðu tollstjóra sem birt var í „*Bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru*” nr. 0400040, er löngu liðinn. Hin kærða niðurstaða tollstjóra var útgefin þann 19. ágúst 2004 en kæran barst ríkistollanefnd 5. janúar 2005. Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum, úrskurðar ríkistollanefnd að erindi A. uppfyllir ekki skilyrði 1. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 um frest til að kæra ákvörðun tollstjóra og er því frávísað.